

### **Fundur 3. febrúar 2011**

**Mættir:** Gunnar Þór, Hafsteinn Dan, Raket, Jónas Páll, Þrándur, Helgi, Ingólfur.

**Staðsetning:** Laugardalurinn kl: 20

#### **1. Stigameistari TSÍ**

Rætt var um að koma á fót svokölluðum „Stigameistara TSÍ“, þ.e. að TSÍ myndi veita verðlaun til þess leikmanns sem væri hæstur samkvæmt þeim stigalista sem TSÍ ákvæði að yrði notaður til viðmiðunar. Jafnframt var rætt um að koma á fót stigalista sem tæki mið af stórmótunum og stærstu mótunum á Íslandi sem hægt væri að fara eftir við val a.m.k. hluta leikmanna í meistaramótið á næsta ári, verði það haldið. Ákveðið var að falast eftir því við Þránd hvort hann væri til í að halda slíkan stigalista sem tæki mið af árangri í mótum og mögulega að birta, annaðhvort eftir hvert stórmót eða við lok ársins.

#### **2. Asics mál**

Rætt var um aðkomu Asics að meistaramótinu. Gunnari Þór var falið að tala við fulltrúa Asics upp á nánara samstarf og sjá hverjar hugmyndir þeirra væru.

#### **3. Fed Cup**

Jónasi var falið að komast að því hvenær væri síðasta tækifæri til að draga skráningu til baka. Fyrir liggur að Sandra Dís og Eirdís geta án efa mætt, Rebekka er líklega en Iris en óviss. Jafnframt var Jónasi falið að spyrja um ástandið í Egyptalandi.

#### **4. Davis Cup**

Ákveðið hefur verið að meistaramótið muni vega þungt. Þó voru skiptar skoðanir innan stjórnar um hversu þungt það ætti að vega. Ekki var tekin endanleg ákvörðun um val á lansliðinu.

#### **5. Ársþing**

Ákveðið var að halda ársþing 19. apríl. Rætt var um mögulegar lagabreytingar.

#### **6. Kostnaður vegna þróunarmóts**

Rætt var um kostnað vegna þróunarmóts.

#### **7. Rætt var um mögulegt þriðja evrópumót**

Jónas vildi að í þeirri vinnu sem stæði yfir á fjárhagsáætluninni yrði tekið tillit til þriðja evrópumótsins.

## **8. Fjárhagsáætlun**

Ákveðið var að fjárhagsáætlun yrði afgreidd á næsta fundi. Ingólfur var falið að taka saman stöðuna við lok árs 2010, stöðuna núna og áætlað ráðstöfunarfé fyrir fjárhagsáætluna svo stjórnin gætur betur glöggvað sig á því hvers konar fjármuni hún hefði.

## **9. Danmörkuferð**

Þær upplýsingar bárust að um 25 leikmenn hefðu gefið kost á sér í svokallað Danmerkuferð og Andri og Jón Axel hefðu verið fengnir í skipulagsnefnd. Stjórnin fagnaði því frumkvæði.

## **10. Fundur um afreksstefnu**

Samþykkt var að Helgi myndi boða fund vegna smíði afreksstefnu, semja drög að henni, leggja fyrir stjórnina og hún yrði síðan tilbúin fyrir ársþingið.

## **11. Styrkir**

Samþykkt var að Helgi myndi sækja um styrk fyrir annaðhvort eða bæði Hinrik og Kjartan.

## **12. Heimilisfang og samskiptaupplýsingar**

Samþykkt var að hlutast yrði til um að bréf og tölvubréf yrðu framvegis send á skrifstofu TSÍ.

Fundi slitið.